



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. maí 2017.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2022, 372. mál.


Tilv. 2017050002

Þingsályktunartillagan var send Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. apríl 2017.

Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni þingsályktunartillögunnar. Í þingsályktunartillögunni segir m.a. að meginmarkmið lyfjastefnu til ársins 2022 skuli byggjast á stefnumörkun þar sem meginmarkmiðin verði tryggt aðgengi að lyfjum, gæði, virkni og öryggi lyfja og skynsamleg og hagkvæm notkun lyfja. Samtökin styðja tillöguna og leggja til að hún verði samþykkt.

Bændasamtökin vilja þó leggja mikla áherslu á að vegna velferðarsjónarmiða þurfi sérstaklega að tryggja aðgengi að dýralyfjum. Um það vísast einnig til laga um velferð dýra nr. 55/2013 en í 5. kafla laganna eru lagðar ríkar skyldur á umráðamenn dýra að tryggja þeim góða umönnun, vernda gegn sjúkdómum, meiðslum o.s.frv. Í lok 1. kafla greinargerðar með tillögunni segir jafnframt að tryggja þurfi aðgengi að lyfjum, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. aðgengi að dýralyfjum. Til þess að þetta sé tryggt er lagt til að sérstaklega verði vísað til dýralyfja undir 1. lið tillögunnar, staflíð h, þar sem m.a. er kveðið á um að unnið verði að bættu aðgengi að lyfjum á landsbyggðinni.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir